

Fimmtudaginn 2. desember 1993.

Nr. 339/1990. **Menntamálaráðherra**

(Dögg Pálsdóttir hdl.)

(Guðrún Margrét Árnadóttir hrl.)

gegn

Jafnréttisráði

vegna Helgu Kress

(Ingibjörg Rafnar hdl.)

(Hafsteinn Hafsteinsson hrl.)

og gagnsök.

Jafnrétti. Stöðuveiting. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Þór Vilhjálmsson, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason og Hrafn Bragason og Hervör Þorvaldsdóttir héraðsdómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 18. september 1990. Hann krefst þess, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og hann sýknaður af öllum kröfum gagnáfrýjanda og dæmdur málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann þess, að kröfur gagnáfrýjanda verði stórlega lækkaðar og málskostnaður felldur niður.

Gagnáfrýjandi skaut málinu til réttarins með stefnu 15. nóvember 1990. Krefst það þess, „að viðurkennt verði með dómi, að setning Matthíasar Viðars Sæmundssonar í lektorsstöðu í íslenskum bókmenntum við heimspekideild Háskóla Íslands 27. desember 1985 hafi verið ólögmæt“. Jafnframt er þess krafist, að stefndi greiði Helgu Kress 500.000 krónur í miskabætur með nánar tilgreindum ársvöxtum frá 23. júní 1988 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Mál þetta var þingfest í héraði 23. júní 1988. Stefnandi var Jafnréttisráð vegna Helgu Kress. Þessi háttur var á hafður með heimild í 17. gr. laga nr. 65/1985 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Í stefnu var til stuðnings kröfum ráðsins vísað til 2. tl. 5. gr. laga nr. 65/1985, sbr. 1., 2., 3. og 9. gr. sömu laga, sbr. 3. mgr. 3. gr. laga nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfs-

mannna ríkisins. Í 5. gr. laganna frá 1985 sagði m.a.: „Atvinnu-
rekendum er óheimilt að mismuna starfsfólki eftir kynferði, og
gildir það m. a. varðandi: ... 2. Ráðningu, setningu eða skipun í
starf ...“

Krafa Jafnréttisráðs hefur þýðingu fyrir aðila með þeim hætti,
að á hana ber að leggja dóm, þó að aðstæður þeirra umsækjenda,
sem málið varðar, séu breyttar.

Málavextir og málsástæður aðila eru raktar í héraðsdómi. Aðila
greinir ekki á um, að menntamálaráðherra hafi haft vald til setn-
ingar í stöðu lektors í íslenskum bókmenntum við Heimspekideild
Háskóla Íslands, svo sem hann gerði 27. desember 1985. Valdi hans
voru þó þau mörk sniðin, sem leiddi af lögum nr. 65/1985, og
almennum grundvallarreglum í stjórnvísingurátti um undirbúning
stöðuveitingar og mat á hæfni umsækjenda. Gagnáfrýjandi heldur
því fram í máli þessu, að ráðherra hafi ekki farið að lögum við
mat á hæfni umsækjenda og hafi með því brotið rétt á Helgu Kress.
Hins vegar greinir aðila ekki á um, að undirbúningur stöðuveit-
ingarinnar hafi verið vandaður og að vel hæfur einstaklingur hafi
hlotið stöðuna.

Héraðsdómur féllst á þær röksemdir lögmanns Jafnréttisráðs, að
Helga Kress hefði verið hæfari til lektorsstarfsins en sá, sem ráðinn
var, og að röksemdir ráðherra um stöðu þá, sem hún hafði fyrir
við Háskólann, væru ekki gildar að lögum.

Hér er eigi ástæða til að fjalla sérstaklega um sönnunargildi þeirra
gagna, sem fyrir lágu um hæfni umsækjenda, en telja verður, að
nægilega sé fram komið, að bæði Helga Kress og Matthías Viðar
Sæmundsson hafi vegna fræðistarfa verið vel hæf. Ráðherra hefur
talið, að önnur atriði hafi einnig skipt máli og að þau hafi ráðið
úrslitum. Er hér ekki um að ræða ólögmetar ástæður.

Í 1. gr. laga nr. 65/1985 segir, að tilgangur þeirra sé að koma
á jafnrétti og jafnri stöðu kvenna og karla á öllum sviðum. Í 2.
gr. segir, að konum og körlum skuli með stjórnvaldsaðgerðum
tryggðir jafnir möguleikar til atvinnu og menntunar. Þá segir í 3.
gr. meðal annars: „Hvers kyns mismunun eftir kynferði er óheimil.
Þó teljast sérstakar tímabundnar aðgerðir, sem ætlaðar eru til að
bæta stöðu kvenna til að koma á jafnrétti og jafnri stöðu kynjanna,
ekki ganga gegn lögum þessum. ...“ Loks segir í 9. gr. meðal

annars: „ Atvinnurekendur skulu vinna markvisst að því að jafna stöðu kynjanna innan fyrirtækis síns eða stofnunar ...“

Af þessu er ljóst, að með lögnum er leitast við að stemma stigu við mismunun. Erfitt er oft og tíðum að sanna, að um hana hafi verið að ræða. Lögin yrðu að þessu leyti þýðingarlítill, nema megin-reglurnar í 1., 2., 3. og 9. gr. séu skýrðar svo við núverandi aðstæður, að konu skuli veita starf, ef hún er að minnsta kosti jafnt að því komin, að því er varðar menntun og annað, sem máli skiptir, og karlmaður, sem við hana keppir, ef á starfssviðinu eru fáar konur. Ber að leggja þá skýringu til grundvallar í máli þessu.

Í málinu er nægilega fram komið, að samkvæmt lögum nr. 65/1985 hafi borið að setja Helgu Kress í lektorsstöðu þá, sem mál þetta snýst um. Breytir það ekki þessum málalyktum, að Helga var í dósentstöðu, þar sem staðan, sem keppt var um, var á öðru fræðasviði.

Eftir þessu verður krafa Jafnréttisráðs um viðurkenningardóm tekin til greina.

Ekki eru nægar líkur leiddar að því, að Helga Kress, sem nú er prófessor við Háskóla Íslands, hafi orðið fyrir miska vegna þeirrar stjórnvaldsákvörðunar, sem um er deilt.

Málskostnaðarákvæði hins áfrýjaða dóms er staðfest.

Áfrýjandi skal greiða gagnáfrýjanda málskostnað, eins og í dóms-orði greinir. Hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

D ó m s o r ð:

Veiting menntamálaráðherra í lektorsstöðu í íslenskum bókmenntum við heimspekideild Háskóla Íslands 27. desember 1985 braut gegn lögum nr. 65/1985 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

Aðaláfrýjandi, menntamálaráðherra, skal vera sýkn af kröfu gagnáfrýjanda, Jafnréttisráðs f. h. Helgu Kress, um miska-bætur.

Málskostnaðarákvæði hins áfrýjaða dóms skal vera óraskað.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda 150.000 krónur í máls-kostnað fyrir Hæstarétti.

S é r a t k v æ ð i

Hrafns Bragasonar hæstaréttardómara.

Ég er samþykkur atkvæði meiri hluta dómara um, að leggja beri dóm á kröfu stefnda, þótt aðstæður þeirra umsækjenda, sem málið varðar, séu breyttar. Þá er ég þeirrar skoðunar, að lög nr. 65/1985 um jafna stöðu og jafnan rétt karla og kvenna hafi m. a. átt að leiða til þess, að staðan yrði veitt einstaklingi af því kyni, sem greinilega væri í minni hluta á starfssviði, væru umsækjendur um stöðu sinn af hvoru kyni, og ekki yrði gert upp á milli hæfni þeirra. Í málinu liggur hins vegar ekki fyrir, hvornig kynjaskiptingu var háttað innan heimspekideildar, þegar sett var í starf lektors í íslenskum bókmenntum. Þá var Helga Kress dósent við deildina, og þurfti því stöðuveiting til hennar út af fyrir sig ekki að breyta kynjaskiptingu við deildina. Verður því ekki undan því vikist að taka afstöðu til annarra málsástæðna aðila.

Samkvæmt 2. tl. 5. gr. laga nr. 65/1985 var óheimilt að mismuna starfsfólki eftir kynferði varðandi ráðningu, setningu eða skipun í starf. Þá er það grundvallarregla í stjórnsýslurétti, að velja beri þann, sem hæfastur verður metinn að málefnalegum sjónarmiðum, sækji fleiri hæfir einstaklingar um opinbera stöðu. Ráðherra sendi Háskóla Íslands umsóknir um lektorsstöðuna 22. ágúst 1985 og óskaði eftir tillögu heimspekideildar um ráðstöfun stöðunnar. Á fundi heimspekideildar 4. október 1985 var kosin dómnefnd til að meta hæfni umsækjenda. Komst hún að þeirri niðurstöðu, sem getið er í héraðsdómi, að tveir umsækjendur, Matthías Viðar Sæmundsson og Helga Kress, skæru sig úr umsækjendum. Þegar dómnefndaráliðið er lesið í heild, verður fullljóst, að nefndin metur Helgu Kress greinilega hæfari vegna meiri menntunar, víðtækari reynslu af háskólakennslu og umfangsmeiri rannsókna. Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en dómnefndaráliðið byggist á málefnalegum grunni. Líta verður svo á, að heimspekideild hafi byggt á áliði dómnefndar, þegar deildin mælti með því, að Helga Kress yrði sett í stöðuna. Ber að leggja það til grundvallar dómi í málinu.

Áfrýjendur halda því fram, að allt að einu hefði verið rétt að setja Matthías Viðar Sæmundsson í lektorsstöðuna, þótt svo yrði lítið á, að Helga Kress væri hæfari til að vera sett í stöðuna. Byggja þeir það á því, að Helga gegndi fyrir fastri stöðu dósents í almenn-

um bókmenntafræðum við heimspekideild Háskóla Íslands samkvæmt ótímabundinni skipun. Staðan, sem veita átti, hafi hins vegar verið tímabundin, og setning hennar í stöðuna hafi ekki getað orðið nema með því að veita henni leyfi úr sinni stöðu og setja annan í hennar stað. Ráðherra hafi því þótt rétt að veita öðrum hæfum manni tækifæri.

Samkvæmt lögum nr. 77/1979 um Háskóla Íslands skal hann vera vísindaleg rannsóknar- og fræðslustofnun. Háskólaráð fer með stjórn skólans sem vísinda- og fræðslustofnunar, þótt hann eigi stjórnarfarslega undir menntamálaráðherra. Fallast ber því á rök héraðsdóms fyrir því, að ráðherra hafi ekki sýnt fram á málefnalegar ástæður, sem réttlættu, að vikið var frá lagareglum um, að stöðu eigi að veita hæfasta umsækjandanum. Með þessum rökum er ég samþykkur niðurstöðu meiri hluta dómara.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 23. júní 1990.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi 11. júní sl., er höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur af Jafnréttisráði, nnr. 4844-3338, Laugavegi 118 D, Reykjavík, vegna Helgu Kress, nnr. 3920-5769, Ásvallagötu 62, Reykjavík, gegn menntamálaráðherra f. h. menntamálaráðuneytis og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs með stefnu, þingfestri 23. júní 1988. Þá hefur Matthíasi Viðari Sæmundssyni, kt. 230654-4099, Birkivöllum 10, Selfossi, verið stefnt til réttargæslu í málinu með stefnu, þingfestri 18. október 1989.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

1. Að viðurkennt verði með dómi, að setning Matthíasar Viðars Sæmundssonar í lektorsstöðu í íslenskum bókmenntum við heimspekideild Háskóla Íslands 27. desember 1985 hafi verið ólöglegt.
2. Að stefndu verði með dómi gert að greiða Helgu Kress 500.000 kr. í miskabætur með [nánar tilgreindum vöxtum].
3. Að stefndu verði gert að greiða málskostnað að mati dómsins að viðbættum virðisaukaskatti.

Dómkröfur stefnda menntamálaráðherra eru þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og stefnda tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati réttarins. Til vara er þess krafist, að stefnukröfur verði stórlega lækkaðar og málskostnaður felldur niður.

Á hendur réttargælustefnda eru engar kröfur gerðar, og ekki hefur verið sótt þing af hans hálfu í málinu.

Stefndi setti upphaflega fram kröfu um frávísun málsins. Með dómi

bæjarþings Reykjavíkur, upp kveðnum 29. mars 1989, var viðurkenningar-kröfu stefnanda vísað frá dómi. Með dómi Hæstaréttar, upp kveðnum 12. maí 1989, var sá frávisunardómur felldur úr gildi.

I.

Stefnandi lýsir málavöxtum svo í stefnu:

„Í ágúst 1985 var staða lektors í íslenskum bókmenntum við heimspeki-deild Háskóla Íslands auglýst laus til umsóknar með umsóknarfresti til 20. ágúst 1985. Tekið var fram, að ráðið yrði í stöðuna til þriggja ára frá 1. september 1985. Umsækjendur um stöðuna voru sex, og voru Helga Kress og Matthías Viðar Sæmundsson meðal þeirra.

Á fundi deildarráðs heimspekideildar 4. október 1985 var kosin þriggja manna dómnefnd til að meta hæfni umsækjenda. Nefndin skilaði álitum um miðjan nóvember. Í heildarniðurstöðu dómnefndarinnar kemur fram, að hún telji fimm umsækjendur hæfa, en tveir umsækjendur, þau Helga Kress og Matthías Viðar Sæmundsson, skeri sig úr. Síðan segir, að Helga hafi meiri og viðtækari reynslu en hann sem háskólakennari og fræðimaður og því mæli dómnefndin með því, að hún verði valin til starfsins.

Á fundi heimspekideildar 29. nóvember 1985 voru greidd atkvæði um umsækjendur, og féllu þau þannig, að Helga Kress fékk 26 atkvæði, Örn Ólafsson sjö atkvæði og Matthías Viðar Sæmundsson fjögur atkvæði.

Hinn 27. desember 1985 var Matthías Viðar Sæmundsson settur í stöðu lektors í íslenskum bókmenntum frá 1. janúar 1986 til 31. ágúst 1988.

Helga Kress ritaði Jafnréttisráði bréf 7. janúar 1986 og kærði þar veitingu menntamálaráðherra á fyrrgreindri lektorsstöðu með vísan til laga nr. 65/1985 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

Jafnréttisráð ritaði menntamálaráðherra bréf 10. janúar 1986 og óskaði eftir upplýsingum um menntun, starfsreynslu og aðra sérstaka hæfileika þess, sem ráðinn hafði verið. Í svari menntamálaráðherra, dags. 3. febr. 1986, eru menntun og starfsferill Matthíasar Viðars Sæmundssonar rakin og vitnað í niðurstöðu dómnefndar um, að hann sé vel hæfur til að gegna starfinu.

Hinn 10. mars sendi Jafnréttisráð aðilum greinargerð um athugun sína á málinu. Í niðurstöðum hennar kemur fram, að ráðið sé sammála um, að líta verði svo á, „að við setningu Matthíasar Viðars Sæmundssonar í lektorsstöðu við heimspekideild Háskóla Íslands hafi verið brotið ákvæði 2. tl. 5. gr. 1. nr. 65/1985“.

Með bréfi, dags. 7. apríl 1986, óskaði Helga Kress eftir því, að Jafnréttisráð höfðaði mál á grundvelli fyrrgreindrar niðurstöðu ráðsins.

Mál var höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 11. desember 1986 (bæjarþingsmál nr. 10306/1987). Með dómi, upp kveðnum

8. maí 1987, var málinu vísað frá dómi með þeim rökum, að málshöfðunarheimild Jafnréttisráðs væri bundin því ófrávíkjanlega skilyrði, að ráðið hefði áður beint rökstuddum tilmælum til þess aðila, sem að mati ráðsins hefði brotið ákvæði laga nr. 65/1985 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Dómurinn var staðfestur í Hæstarétti 29. júní 1987.

Jafnréttisráð ritaði menntamálaráðherra bréf 21. september 1987 og beindi til hans þeim tilmælum, að Helga Kress yrði þá þegar sett í umrædda stöðu lektors í íslenskum bókmenntum. Í svari menntamálaráðherra, dags. 26. nóvember 1987, er því lýst yfir, að menntamálaráðuneytið geti ekki orðið við tilmælunum.“

II.

Stefnandi reisir viðurkenningarkröfu sína á því, að með því að ganga fram hjá Helgu Kress við setningu í stöðu lektors í íslenskum bókmenntum 27. desember 1985 hafi menntamálaráðherra brotið gegn lögum nr. 65/1985 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Hafi Helga Kress átt ótví-
ræðan rétt á því að vera sett í stöðuna.

Samkvæmt 5. gr. laga nr. 65/1985 sé atvinnurekendum óheimilt að mismuna starfsfólki eftir kynferði, og gildi það m. a. um ráðningu, setningu eða skipun í starf. Helga Kress hafi að mati dómnefndar verið hæfari til að gegna stöðu lektors í íslenskum bókmenntum við heimspekideild Háskóla Íslands en sá, sem settur var í stöðuna.

Í álitgerð dómnefndar, sem kjörin hafi verið af heimspekideild Háskóla Íslands til að meta hæfni umsækjenda um stöðu lektors í íslenskum bókmenntum við deildina, komi fram, að Helga Kress hafi lokið cand. mag.-prófi í íslenskum fræðum við Háskóla Íslands vorið 1969 „með mjög loflegum vitnisburði“ og hafi hlotið ágætiseinkunn fyrir prófritgerð sína. Þá hafi hún lagt stund á almenna bókmenntafræði við háskólann í Björgvin 1973-1980 og lokið prófi þar 1980. Í vottorði frá norrændeild háskólans í Björgvin komi m. a. fram, að fagleg hæfni hennar hafi verið talin jafngilda norski doktorsgráðu þegar á árinu 1977.

Í áliti dómnefndar komi fram, að Matthías Viðar Sæmundsson hafi lokið kandidatsprófi í íslenskum bókmenntum frá Háskóla Íslands 1980; ekki sé getið um vitnisburð á prófi. Þá hafi hann stundað á námsárum sínum nám í frönsku og bókmenntafræði í Frakklandi í tæplega eitt ár.

Samkvæmt framansögðu hafi Helga því verulega meiri menntun en Matt-
hías Viðar.

Í álitgerð dómnefndar komi eftirfarandi fram um starfsreynslu: Helga hafi sex ára starfsreynslu sem stundakennari við menntaskóla og 13 ára starfsreynslu sem háskólakennari, þar af eitt ár stundakennar, átta ár lektor og fjögur ár dósent. Matthías Viðar hafi tveggja ára starfsreynslu sem kenn-

ari við fjölbrautaskóla og þriggja ára starfsreynslu sem háskólakennari, þar af tvö ár stundakennari og eitt ár lektor.

Helga hafi því miklu meiri starfsreynslu sem háskólakennari.

Þá komi skýrt fram í álitserð dómnefndar, að rannsóknarstörf Helgu Kress séu umfangsmeiri en rannsóknarstörf Matthíasar Viðars. Þá séu ummæli um rannsóknir Helgu mun lofsamlegri en ummæli um rannsóknir Matthíasar Viðars.

Niðurstöður dómnefndar um hæfni Helgu Kress séu, þegar á allt sé litið, mjög jákvæðar. Niðurstaða dómnefndar um hæfni Matthíasar Viðars segi hins vegar aðeins, að hann sé vel hæfur, en er að öðru leyti algerlega hlutlaus.

Í heildarniðurstöðu dómnefndar komi fram, að tveir umsækjendur, þau Helga Kress og Matthías Viðar Sæmundsson, skeri sig úr. Síðan sé bent á, að Helga sé dósent í almenntri bókmenntafræði og hafi meiri og viðtækari reynslu en hann sem háskólakennari og fræðimaður, og mæli dómnefndin því með, að hún verði valin.

Telja verði, þegar sýnt hafi verið fram á, að kona, sem sækir um starf, sé jafnhæf eða hæfari, eins og í þessu máli, til að gegna starfi en karl, sem veitt er staðan, að löglíkur séu fyrir því, að um mismunun eftir kynferði sé að ræða og sönnunarbyrði hvíli á atvinnurekanda um, að svo sé ekki.

Í svari menntamálaráðherra við fyrirspurn Jafnréttisráðs um menntun, starfsreynslu og aðra sérstaka hæfileika þess, sem hlaut stöðuna, segi ekkert um sérstaka hæfileika hans eða annað, sem réttlæti, að hann hafi verið tekinn fram yfir Helgu.

Þá er því haldið fram, að þar sem kona hafi aldrei gegnt fastri kennarastöðu í íslenskum bókmenntum við heimspekideild Háskóla Íslands og yfirgnæfandi meiri hluti kennara þar sé karlar, hafi menntamálaráðherra borið enn ríkari skylda til að setja konu í stöðuna.

Stefnandi reisir kröfu sína um miskabætur á því, að Helga Kress hafi orðið fyrir álitshnekki, þegar gengið hafi verið fram hjá henni við veitingu stöðu í íslenskum bókmenntum, auk þess sem starfsferli hennar hafi verið raskað með ólögum og refsiverðu broti gegn lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

Stefnandi telur sig hafa lögvarða hagsmuni af því að fá úrlausn dómstóla um lögmati stöðuveitingarinnar og bótakröfu sína. Þá telur Jafnréttisráð mikilvægt fyrir starfsemi ráðsins og fyrir jafnrétti og jafna stöðu í landinu að fá endanlega úr því skorið, hvort hér hafi verið um að ræða brot á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 65/1985.

Til stuðnings viðurkenningarkröfu vísar stefnandi til 2. tl. 5. gr. laga nr. 65/1985 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, sbr. 1., 2., 3. og

9. gr. sömu laga, sbr. 3. mgr. 3. gr. laga nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Til stuðnings miskabótakröfu er vísað til 1. mgr. 264. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940 og 17. og 18. gr. laga nr. 65/1985 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

Stefnandi kveður málið höfðað skv. heimild í 17. gr. laga nr. 65/1985 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla að uppfylltu skilyrði um tilmæli um úrbætur skv. 16. gr. sömu laga.

Um vaxtakröfur er vísað til laga nr. 25/1987 og auglýsinga Seðlabanka Íslands.

III.

Stefndi menntamálaráðherra rökstyður mál sitt því, að Helga Kress hafi ekki átt ótvíræðan lögvarinn rétt umfram aðra umsækjendur til setningar í hina umdeildu stöðu. Við ráðstöfun hennar hafi ráðherra hvorki verið bundinn af tillögum dómnefndar né heimspekideildar. Því er mótmælt, að kynferði umsækjenda hafi skipt máli við ákvörðun um tímabundna setningu í lektorsstöðu í íslenskum bókmenntum, er úrslit um veitingu hennar voru ráðin. Ráðherra hafi ekki gengið fram hjá Helgu Kress við veitingu stöðunnar vegna kynferðis, heldur einfaldlega vegna þess, að hún gegni fyrir fastri kennarastöðu sem dósent í almennum bókmenntafræðum við heimspekideild Háskóla Íslands samkvæmt ótímabundinni skipun. Hér hafi verið um tímabundna setningu í starf að ræða. Veiting starfsins til hennar hefði því ekki getað orðið nema með því að veita henni leyfi úr sinni stöðu. Afleiðingin hefði orðið sú, að setja hefði þurft tímabundið í tvær fastar stöður.

Þegar um er að ræða fastar stöður á vegum ríkisvaldsins, sé til þess ætlast, að þeir, sem falin sé slík staða ótímabundið, gegni henni sjálfir. Um sérstök rök þurfi því að vera að ræða, svo að fallist verði á að veita leyfi frá henni. Hvorki sé í umsókn Helgu Kress né í bréfi færð fram rök fyrir því. Engin rök hafi staðið til þess að fallast á að veita Helgu Kress leyfi úr dósentsstöðu hennar í almennum bókmenntafræðum vegna umsóknar hennar um tímabundna stöðu lektors í íslenskum bókmenntum. Slíkt hefði leitt til ástæðulausrar röskunar á fastri starfsemi heimspekideildar háskólans. Í umsókn um leyfi frá kennslu 25. júní 1986 hafi Helga Kress í reynd fallist á þessi sjónarmið. Allra síst hafi staðið rök til þessa, þegar völ hafi verið á umsækjanda, sem að mati dómnefndar var talinn vel hæfur til að gegna stöðunni. Við framangreindar aðstæður hljóti það sjónarmið að koma til álita að hindra röskun á fastri starfsemi og veita efnilegum fræðimönnum tækifæri til að spreya sig.

Af umsögn dómnefndar hafi verið ljóst, að Matthías Viðar Sæmundsson

og Helga Kress hafi skorið sig úr öðrum umsækjendum að hæfni, og hafi þau bæði fengið umsögnina vel hæf. Hins vegar hafi dómnefnd lagt til, að Helgu yrði veitt staðan, á grundvelli lengri starfsreynslu. Þar sem Helga var fastráðinn dósent við heimspekideild Háskóla Íslands, var það niðurstaða stefnda, að rétt væri að veita hinum unga fræðimanni tækifæri til að spreyta sig við kennslu og leyfa háskólanum að njóta starfskrafta hans. Sú niðurstaða hafi leitt til þess, að skólinn naut starfskrafta beggja þessara umsækjenda og ekki þurfti að fylla samtímis tvær stöður með lausráðnum starfsmönnum.

Við ráðstöfun stöðu komi fjölmörg atriði til athugunar, er gera þurfi upp á milli umsækjenda. Því er eindregið vísað á bug, að valdheimildum veitingavaldsins séu settar aðrar og þrengri skorður, ef val stendur milli karls og konu eða milli umsækjenda af sama kyni, eins og stefnandi heldur fram. Slikt feli í sér kynferðislega mismunun andstætt 3. mgr. 3. gr. laga nr. 38/1954.

Stefndi fellst ekki á, að dómnefnd hafi talið Helgu Kress hæfari til að gegna stöðunni. Þetta segi hvergi í umsögn dómnefndar.

Sú málsástæða stefnanda, að stefnda hafi borið ríkari skylda til að setja Helgu Kress í stöðuna en ella, þar sem kona hafi ekki áður gegnt fastri kennarastöðu í íslenskum bókmenntum og meiri hluti kennara við háskólann sé karlmenn, byggist á tilvist skyldu til jákvæðrar mismununar kynjanna. Þeirri skyldu sé ekki til að dreifa að lögum, og þegar af þeirri ástæðu standist þessi málsástæða ekki. Stefndi telur vandséð, að stefnandi geti fengið kröfu sína um dóm sviðurkenningu tekna til greina, jafnvel þótt dómurinn fallist á málatilbúnað hans að einhverju eða öllu leyti. Stöðunni sé ráðstafað af réttu og bæru stjórnvaldi og hún falin manni, sem fullnægir lagaskilyrðum til að gegna henni. Stjórnarathöfnin sé því lögleg og gild, og þeir annmarkar, sem stefnandi heldur fram, að hafi verið á undirbúningi hennar, séu ekki þess eðlis, að þeir geti valdið ólögmæti hennar.

Miskabótakröfu stefnanda er vísað á bug. Telur stefndi, að skilyrðum 264. gr. alm. hgl. um miskabætur sé ekki fullnægt í máli þessu, enda leitast stefnandi ekki einu sinni við að færa rök að því, hvernig stjórnarathöfn ráðherra hafi falið í sér refsiverða meingerð eða meingerð drýgða af illfýsi í garð Helgu Kress. Telur stefndi auk þess vandséð, hvernig ráðstöfun þessarar lektorsstöðu tímabilið 1. janúar 1986 til 31. ágúst 1988 geti verið fallin til að baka henni álitshnekkni eða raska þeim starfsferli, sem Helga Kress hafði markað sér. Þá beri gögn málsins með sér, að stöðuveitingin hafi síður en svo raskað ferli hennar.

Varakröfu sína styður stefndi við það, að stefnukrafan sé allt of há.

Í ódagsettri álitserð dómnefndar, sem kosin var til þess að meta hæfni umsækjenda um stöðu lektors í íslenskum bókmenntum við heimspekideild Háskóla Íslands, voru þau Helga Kress og Matthías Viðar Sæmundsson bæði metin vel hæf til þeirrar stöðu. Í heildarniðurstöðu álitserðarinnar segir þó svo um þessa umsækjendur: „Tveir umsækjendur skera sig úr, þau Helga Kress og Matthías Viðar Sæmundsson. Helga Kress er dósent í almennri bókmenntafræði og hefur meiri og viðtækari reynslu en hann sem háskólakennari og fræðimaður. Af þeim sökum mælir dómnefnd með því, að hún verði valin til starfsins.“

Á fundi í heimspekideild 29. nóvember 1985 var gengið til atkvæðagreiðslu um lektorsstöðuna, svo sem fram er komið. Féllu atkvæði þannig, að Helga Kress fékk 26 atkvæði, Örn Ólafsson sjö atkvæði og Matthías Viðar fjögur atkvæði, en tveir seðlar voru auðir.

Samkvæmt 3. gr. laga nr. 65 frá 28. júní 1985 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla er hvers kyns mismunur eftir kynferði óheimil, nema hún styðjist við þær undanþágur, sem tiltekna eru í greininni. Þær undanþágur eiga þó ekki við hér.

Samkvæmt 5. gr. sömu laga er atvinnurekendum óheimilt að mismuna starfsfólki eftir kynferði, og gildir það m. a. um ráðningu, setningu eða skipun í starf, eins og segir í 2. tl. þeirrar lagagreinar. Í 7. gr. laganna segir síðan, að hafi umsækjandi um auglýst starf verið kona, en það hafi verið veitt karlmanni, skuli Jafnréttisráð, sé þess óskað, fara fram á það við hlutaðeigandi atvinnurekanda, að hann veiti því skriflegar upplýsingar um, hvaða menntun, starfsreynslu og aðra sérstaka hæfileika sá hafi til að bera, sem ráðinn var í starfið. Telja verður, að þarna komi fram þau helstu atriði, sem taka beri tillit til, þegar það er metið, hvort umsækjendur um starf hafi verið mismunað eftir kynferði, en þó koma þar til álita önnur sjónarmið, ef þau styðjast við efnisrök.

Ekki skiptir máli, þó að hér hafi verið um tímabundna stöðu að ræða, því að 5. gr. fyrrgreindra laga tekur berum orðum til slíkra tilvika. Ekki þykir heldur skipta máli, þótt umsækjandinn Helga Kress hafi skipað dósentsstöðu fyrir við heimspekideild Háskóla Íslands. Ber í því sambandi að geta þess, að ekki er annað komið fram en umsóknin hafi verið sett fram í eðlilegum tilgangi og samrýmt hagsmunum Helgu um framgang og fræðiiðkun innan heimspekideildar háskólans. Ber og að hafa í huga, að bæði heimspekideild og háskólayfirvöld töldu æskilegt, að Helga fengi umrædda stöðu, en afstaða háskólaráðs kemur fram í ályktun ráðsins frá 30. janúar 1986. Þær ástæður, sem liggja að baki fyrrgreindum lögum nr. 65/1985, eiga því jafnt við, þótt umsækjandinn Helga Kress hafi skipað stöðu fyrir við heimspekideild.

Í máli þessu þykir nægilega upplýst, að umsækjandinn Helga Kress hafi verið hæfari til að gegna umræddri stöðu en umsækjandinn Matthías Viðar, sé miðað við þau sjónarmið, sem lög nr. 65/1985 byggjast á og fyrr voru rakin.

Samkvæmt þessu er ekki unnt að fallast á það sjónarmið stefnda, að umrædd stöðuveiting hafi verið nægjanlega réttlætt með því, að Helga hafi skipað aðra stöðu fyrir við heimspekideild Háskóla Íslands og að á þeim grundvelli hafi verið færi á að gefa ungum og efnilegum fræðimanni tækifæri til þess að spreyta sig. Ekki verður heldur fallist á það sjónarmið stefnda, að röskun á fastri starfsemi háskólans hafi getað réttlætt umrædda stöðuveitingu, eins og á stóð. Slíkar tímabundnar tilfærslur í stöður innan háskólans eru algengar og oftast tiltölulega litlum vandkvæðum bundnar. Þá þykir og ljóst af skjólum málsins, að heimspekideild og háskólayfirvöld voru hlynnt slíkri tilfærslu í máli þessu, ef á hana hefði reynt.

Niðurstaðan er því sú, að stefndi hefur ekki sýnt fram á rök, sem réttlætt geti umrædda stöðuveitingu miðað við málsatvik. Umrædd stöðuveiting er því brot á 5. gr. laga nr. 65/1985 um jafna stöðu og jafnan rétt karla og kvenna. Viðurkenningarkrafa stefnanda er því tekin til greina, þó þannig, að veiting menntamálaráðherra í lektorsstöðu í íslenskum bókmenntum við heimspekideild Háskóla Íslands 27. desember 1985 telst vera brot gegn greindu lagaboði. Verður talið, að sú niðurstaða rúmist innan dómkröfu stefnanda.

Krafa stefnanda um miskabætur hefur ekki lagastoð, og ber því að sýkna stefnda af þeirri kröfu.

Rétt er að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem telst hæfilega ákveðinn 150.000 kr., að viðbættum virðisaukaskatti.

Dóminn kvað upp Eggert Óskarsson borgardómari ásamt meðdómsmönnum Ingibjörgu Benediktsdóttur sakadómara og Stefáni M. Stefánsyni prófessor. Dómurinn er fjölskipaður samkvæmt 20. gr. laga nr. 65/1985.

D ó m s o r ð:

Veiting menntamálaráðherra í lektorsstöðu í íslenskum bókmenntum við heimspekideild Háskóla Íslands 27. desember 1985 braut gegn 5. gr. laga nr. 65/1985 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

Stefndu, menntamálaráðherra f. h. menntamálaráðuneytis og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, skulu vera sýknir af kröfu stefnanda, Jafnréttisráðs, vegna Helgu Kress um miskabætur.

Stefndu, menntamálaráðherra f. h. menntamálaráðuneytis og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði stefnanda, Jafnréttisráði vegna Helgu Kress, 150.000 kr. í málskostnað að viðbættum virðisaukaskatti að viðlagðri aðför að lögum.